



Mýrdalshreppur

ÍÐNAÐARSVÆÐI Í VÍK

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

Desember 2024



GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGI



LANDMÓTUN®



Margrét Ólafsdóttir, Eyrún Pétursdóttir og
Kristín Una Sigurðardóttir.

Hamraborg 12, 200 Kópavogi - www.landmotun.is
sími 575 5300 - netf: landmotun@landmotun.is

LANDMÓTUN





Iðnaðarsvæði í Vík -tillaga að deiliskipulagi

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í _____ þann _____ 20__ og

í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__ .

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Greinargerð þessari fylgir deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:1500 dagsettur 06.12. 2024



EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	6
1.1	Afmörkun og aðkoma	6
1.2	Viðfangsefni, markmið og skipulagsgögn	7
1.3	Skipulagsferlið	7
2	FORSENDUR.....	8
2.1	Íbúápróun	8
2.2	Staðhættir og veðurfar	8
2.3	Minjar.....	8
2.4	Náttúruvá.....	9
2.5	Náttúrufar	9
2.6	Jarðvegur.....	9
2.7	Tengsl við aðrar áætlanir	9
2.7.1	Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033	9
2.7.2	Deiliskipulag á aðliggjandi svæðum	10
2.7.3	Vatnaáætlun Íslands 2022-2027	10
2.7.4	Reglugerðir	10
3	Deiliskipulag.....	11
3.1	Almennir skilmálar	11
3.1.1	Lóðir.....	11
3.1.2	Byggingarreitir	11
3.1.3	Lóðafrágangur og gróður	12
3.1.4	Göngustígar/gangstéttir	13
3.1.5	Hjólástígar.....	13
3.1.6	Reiðhjólástæði.....	13
3.1.7	Reiðvegur.....	13
3.1.8	Bílastæði	13
3.1.9	Sorp.....	13
3.1.10	Bókhald um úrgangs	13
3.1.11	Sjóvarnir	14
3.1.12	Skilti	14
4	UMHVERFISÁHRIF.....	14
5	Breytingar eftir auglýsingu.	14



6	HEIMILDASKRÁ	14
---	--------------------	----

Mynd 1	Mannfjöldi í Vík frá 1. janúar 1998 - 1 janúar 2024.....	8
Mynd 2	Vindrós fyrir Vík í Mýrdal, (veðurstofan 2024)	8
Mynd 3	Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033 - hluti þéttbýlisuppráttar sem sýnir deiliskipulagssvæðið	10

1 INNGANGUR

Gerð er heildarendurskoðun á deiliskipulagi austurhluta Víkur, íbúðar-, verslunar-, athafna- og iðnarsvæðis. Við endurskoðun þessa fellur fyrirbyggjandi deiliskipulag úr gildi og í staðin verður svæðinu skipt niður í nokkur minni deiliskipulög. Greinagerð þessi fjallar um eitt af þessum nýju deiliskipulögum þ.e. deiliskipulag iðnaðarsvæðis í Vík. Tilgangur þessarar heildarendurskoðun er að skipta deiliskipulagssvæðinu upp eftir landnotkunarflokkum og um leið einfalda skipulögin. Hvert og eitt af nýju deiliskipulögum nái því að mestu leyti utan um svæði með einn landnotkunarflokk í aðalskipulaginu.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæðið í Vík ásamt fjörunni (hluti Víkurfjöru) og sjónum þar fyrir neðan. Svæðið er innan þéttbýlismarka og er skilgreint sem iðnaðarsvæði (I1 og I2), opið svæði (OP1) og Vötn, ár og sjór (V8) í aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033. Umhverfisáhrif skipulagstillögunnar verða metin skv. 12. gr. skipulagslaga.

1.1 Afmörkun og aðkoma

Skipulagssvæðið er um 26 ha að stærð og er staðsett í austur hluta Víkur, sunnan við Hringveg 1, sem heitir á þessu kafla annars vegar Austurvegur og hins vegar Suðurlandsvegur. Ein gata er innan deiliskipulagssvæðisins og heitir hún Smiðjuvegur. Iðnaðarsvæðið liggur að sjó en skipulagssvæðið nær einnig yfir ströndina fyrir neðan iðnaðarsvæðið og 115m út í sjó því innan skipulagsins eru einnig tveir sandfangarar. Aðkoma að svæðinu er frá Austurvegi/ Suðurlandsvegi.



Mynd 1. Afmörkun deiliskipulagssvæðis fyrir iðnaðarsvæðið í Vík.



1.2 Viðfangsefni, markmið og skipulagsgögn

Meginmarkmið skipulagsins er að skilgreina skipulag lóða fyrir iðnaðarsvæðið samkvæmt áætlunum gildandi aðalskipulags ásamt því að koma inn á skipulag tveimur sandföngurum. Annar þeirra er sá nýrri af tveimur núverandi sandföngurum í Vík en auk hann er á dagskrá að bæta við nýjum sandfangara sem á að koma fyrir austan núverandi sandfangara og mun sá nýi ná lengra út í sjó en sá núverandi. Mikið rof hefur verið á fjörunni í vík undanfarin ár¹ og því er talin þörf á að bæta þriðja sandfangaranum við.

Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti í mælikvarða 1:1500 og í greinargerð.

1.3 Skipulagsferlið

Deiliskipulagið er unnið í samstarfi við skipulags- og umhverfisráð Mýrdalshrepps og skipulagsfulltrúa Mýrdalshrepps. Leitað verður umsagna eftirfarandi aðila þegar skipulagstillaga liggur fyrir og hefur verið afgreidd í skipulags- og umhverfisnefnd til kynningar fyrir almenning, sbr. gr. 5.6.1 í skipulagsreglugerð.

Eftirfarandi hagsmunaaðilum verður kynnt tillagan:

- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Minjastofnun Íslands.
- Umhverfisstofnun.
- Vegagerðin.
- Skipulagsstofnun.
- Íbúar.
- Nefndir og ráð Mýrdalshrepps.


¹ Vegagerðin (2022). Víkurfjara hörfar í vetrarstormum. Sótt 14.11.2024 af: <https://www.vegagerdin.is/vegagerdin/starfsemi/frettir/vikurfjara-horfar-i-vetrarstormum>



2 FORSENDUR

2.1.1 Íbúáþróun

Mikil fólksfjölgun hefur átt sér stað í Vík í Mýrdal undanfarnin áratug en mikil aukning ferðamanna skýrir að stærstum hluta þessa miklu fólksaukningu í bænum. Í byrjun árs 2024 var íbúafjöldi í Mýrdalshreppi 881 en þar af voru 639 þeirra búsettir í Vík. Á síðustu 10 árum hefur fólksfjöldi í Vík rúmlega tvöfaldast. Mynd 2 . sýnir íbúáþróunina í Vík frá 1998 – 2024.




Mynd 2 Mannfjöldi í Vík frá 1. janúar 1998 - 1 janúar 2024

2.2 Staðhættir og veðurfar

Landið sem iðnaðarsvæðið nær til er frekar slétt (0-5%) og er uppgróinn sandur. Uppgróni sandurinn nær aðeins niður fyrir iðnaðarsvæðið en þar eftir tekur við svört strandfjara út í sjó. Skipulagsvæðið nær um 115m frá 0-línu sjávarmáls til suðurs út í sjó. Ríkjandi vindátt er norðaustur en einnig geta komið nokkuð kröftugir vindar úr vestri.

2.3 Minjar

Í Mýrdalshreppi hefur farið fram skráning fornminja í þéttbýlinu Vík (Katrín Gunnarsdóttir, 2004). Samkvæmt skráningunni eru engar minjar á deiliskipulagssvæðinu.



Mynd 3 Vindrós fyrir Vík í Mýrdal, (veðurstofan 2024)



2.4 Náttúruvá

Í Mýrdalshreppi gæti náttúruvá m.a. vegna eldsumbrota, hlaupa, landbrots og sjávarflóða á láglandi vegna nálægðar við sjó samkvæmt aðalskipulagi Mýrdalshrepps. Það sem sérstaklega þarf að hafa í huga við gerð þessa deiliskipulags er landbrot og sjávarflóð en iðnaðarsvæðið liggur nálægt sjó svo og að skipulagið tekur einnig til sandfangara í sjó.

Hvað náttúruvá varðar s.s. eldvirkni, vatnsflóð eða jökulhlaup er bent á viðvörunarkerfi Veðurstofu Íslands og viðbragðsáætlun Almanna- og Vinnumálaráðs.

Til framtíðar verður að horfa til þess að fullnægjandi sjóvarnir verndi byggðina í Vík og er það forgangsmál varðandi framtíðarþróun byggðar í Mýrdalshreppi og gerir þetta deiliskipulag m.a. ráð fyrir þriðja sandfangaranum. Gólfkótar eiga ekki að vera lægri en 4,7 m.y.s. í hæðarkerfi ISN93.

2.5 Náttúrufar

Samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) í kortavefsíu um Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Ísland er svæðið aðalega flokkað í: fjöruvist, sandstrandavist, strandmelhólavist, manngert land og uppgræðslu. Land sem ætlaða er fyrir iðnaðarsvæðið er annað hvort nú þegar byggt eða uppgræðsluland.

2.6 Jarðvegur

Samkvæmt jarðvegskortum er að finna á svæðinu sandjörð og brúnjörð².

2.7 Tengsl við aðrar áætlanir

2.7.1 Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033

Í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 er svæðið að stærstum hluta skilgreint sem Iðnaðarsvæði 12 og 13. Um **Iðnaðarsvæði (I)** stendur í gildandi aðalskipulagi:


„Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpadælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.“

Almenn ákvæði um iðnaðarsvæði í aðalskipulaginu eru: Gólfkóti bygginga í þéttbýlinu skal að lágmarki vera 4,7 m.y.s. í ISN93. Framboð athafna- og iðnaðarsvæða innan þéttbýlisins í Vík mæti eftirspurn á skipulagstímabilinu. Áhersla er lögð á að umgengni verði til fyrirmyndar og umhverfi snyrtilegt á athafna- og iðnaðarsvæðum. Fyrirkomulag á sorpmóttökusvæðum verði til fyrirmyndar og flokkun úrgangs auðveld og aðgengileg.

² Ólafus Arnalds, Hlynur Óskarsson o.fl. Landbúnaðarháskóli Íslands. Sótt 14.11.2024 af: <https://www.moldin.net>



Hámarksbyggingarmagn fyrir svæði I1 er samkvæmt aðalskipulagi 10.200 m² og fyrir I2 18.000 m².



Mynd 4 Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033 - hluti þéttbýlisuppráttar sem sýnir deiliskipulagssvæðið

Um **Opin svæði** (OP) stendur í gildandi aðalskipulagi:

„Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.“

Um OP1 stendur: Minningarreitir, áningarstaður og almennt útivistarsvæði ásamt sandföngurum.

Um **Vötn, ár og sjór** (v) segir m.a.:

- „Gæta skal að umgengni við vötn, ár og sjó í samræmi við lög þar að lútandi, s.s. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, og tryggja að vatnsgæði rýrni ekki.“
- Tryggja skal umgengnisrétt almennings og ekki skal byggja nær vatnsborði en 50 m, þó með þeim undantekningum sem gerðar eru í skipulagsreglugerð.

2.7.2 Deiliskipulag á aðliggjandi svæðum

Í gildi er Deiliskipulag austurhluta Víkur, íbúðar-, verslunar-, athafna- og iðnaðarsvæði sem samþykkt var 15.09.2016. Það deiliskipulag fellur úr gildi við samþykkt þessa deiliskipulags.

2.7.3 Vatnaáætlun Íslands 2022-2027

Vatnaáætlun felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd. Vatnaáætlunin felur í sér aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun.

2.7.4 Reglugerðir

Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit 550/2018

Markmið reglugerðar er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðu umhverfi. Jafnframt er markmið reglugerðarinnar að koma í veg fyrir eða draga



úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og að koma í veg fyrir myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið.

Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda 33/2004

Reglugerð um fráveitu og skólþ 798/1999

Markmið reglugerðar er að vernda almenning og umhverfið, einkum vatn og umhverfi þess, gegn mengun af völdum skólps. Einnig er það markmið að koma á samræmdri og kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúðarbyggð, svo og hreinsun skólps frá tilteknum atvinnurekstri.

3 Deiliskipulag

3.1 Almennir skilmálar

Í almennum skilmálum koma fram þær kvaðir og tilmæli sem gilda fyrir skipulagssvæðið í heild sinni.

3.1.1 Lóðir

Í þessu deiliskipulagi eru iðnaðarlóðir þar sem „fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólþælu og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

3.1.2 Byggingarreitir

Almennir skilmálar

- Almennt skal miða við að byggingar verði einlyftar og verði ekki hærra en 7 m frá gólfkóta, til þess að falla að núverandi byggðamynstri í Vík.
- Gólfkóti bygginga í þéttbýlinu skal að lágmarki vera 4,7 m.y.s í ISN93.
- Hús skulu byggð á steypum grunni með steyptri botnplötu.
- Skylda er að á hverju mannvirki á lóð þarf að vera olíuskiljur.
- Til að skapa heildstætt yfirbragð á hverfinu skal samræma efnis og litarval bygginga og er það háð samþykki skipulags- og umhverfisráðs.
- Uppsetning nýrra hraðhleðslustöðva á sérstökum þjónustustöðvum innan deiliskipulagssvæðisins er háð samþykki skipulags- og umhverfisráðs.

Sýndur er bundin byggingarlína á uppdrætti við hús á Smiðjuvegi við Austurveg/þjóðveg 1 og á lóðum við Smiðjuveginn sem liggja sunnan við hann.



Skilmálatafla – deiliskipulag iðnaðarsvæði							
Lóð	Stærð skv. eldra deiliskip. m ²	Ný lóðar-stærð m ²	Þegar byggð hús m ²	Hám. byggingarm. m ²	Lágm. byggingarm m ²	Hámarks hæð húsa í m	Athugasemd
Smiðjuvegur 12A	999	1594	-	797	478	5	Ný lóð / óbyggð lóð.
Smiðjuvegur 12B	1045	830	-	-	-	-	Ný lóð / bílastæðalóð.
Smiðjuvegur 12C	6218	6202	376	2171	370	7	Er í dag Melvegur 1.
Smiðjuvegur 13	2926	2820	559	846	560	7	
Smiðjuvegur 14A	56	102	-	51	-	3	Spennistöð.
Smiðjuvegur 14B	2389	2560	-	896	768	7	Óbyggð lóð.
Smiðjuvegur 15	2867	2994	393	2395	390	7	Björgunarmiðstöð.
Smiðjuvegur 16	4830	4239	-	-	-	-	Gámageymslusvæði áður var lóð 16 og 18B.
Smiðjuvegur 17	3671	3736	573	1121	570	7	
Smiðjuvegur 18A		744	-	300	160	5	Ný lóð / óbyggð lóð áður hluti af lóð 18.
Smiðjuvegur 18B		730	-	300	160	5	Ný lóð / óbyggð lóð áður hluti af lóð 18.
Smiðjuvegur 18C		1488	-	670	446	7	Ný lóð / óbyggð lóð áður hluti af lóð 18.
Smiðjuvegur 19	3419	3494	693	1223	690	7	
Smiðjuvegur 20A	2700	730	-	300	160	7	Ný lóð / óbyggð lóð áður hluti af lóð 20A.
Smiðjuvegur 20B		743	-	300	160	5	Ný lóð / óbyggð lóð áður hluti af lóð 20A.
Smiðjuvegur 20C		1488	-	670		7	Ný lóð / óbyggð lóð áður hluti af lóð 20A.
Smiðjuvegur 20D	2625					7	Óbyggð lóð var áður 20D
Smiðjuvegur 21	3421	3494	921,6	1223	920	7	
Smiðjuvegur 22A	2700	2962	-	1037	889	7	Óbyggð lóð.
Smiðjuvegur 22B	2685	2604	-	781	781	7	
Smiðjuvegur 23	3429	3504	921,6	1226	920	7	
Smiðjuvegur 24A	2700	2962	-	1037	889	7	Óbyggð lóð.
Smiðjuvegur 24B	2762	2604	-	781	781	7	Óbyggð lóð / geymslulóð.
Smiðjuvegur 25	3431	3504	-	1051	1051	7	Óbyggð lóð.
Smiðjuvegur 26A	2700	2962	-	1037	889	7	Óbyggð lóð.
Smiðjuvegur 26B	2821	2604	-	781	781	7	Óbyggð lóð / geymslulóð.
Smiðjuvegur 27	3981	3673	-	1102	1102	7	Óbyggð lóð.
Smiðjuvegur 28A	2684	2198	-	769	659	7	Óbyggð lóð.
Smiðjuvegur 28B	2843	2776	-	833	833	7	
Smiðjuvegur 30	-	946	-	284	-	-	Veitulóð undir hreinsistöð áður var hluti af 28A.

3.1.3 Lóðafrágangur og gróður

Lögð er áhersla á að lóðafrágangur umhverfis byggingar verði til fyrirmyndar. Á atvinnulóðum verði gróður og trjábelti minnst 2,5 m breið og liggja að Suðurlandsvegi/Austurvegi. Gróðursetning skal vera markviss hvað varðar tegundaval á gróðri, limgerði og trjám. Lóðahafar aðliggjandi lóða skulu hafa samráð um lóðafrágang á sameiginlegum lóðamörkum. Að öðru leyti gilda uppgefnar lóðahæðir á hæðarblaði. Þar sem gangstéttir eru við götur eða þar sem göngustígar á landi Mýrdalshrepps liggja að lóðum skal vera að minnsta kosti ein göngutenging af viðkomandi lóð út að gangstétt eða stíg.



3.1.4 Göngustígar/gangstéttir

Gangstéttir skulu liggja beggja vegna gatna til þess að tryggja eins og kostur er gott aðgengi gangandi um hverfið.

3.1.5 Hjólastígar

Hjólastígar skulu að jafnaði vera 2,5 m eða breiðari. Hjólastígar eru merktir með máluðu hjólamerki eftir öll gatnamót og inngrip til dæmis þar sem göngustígar koma þvert á hjólastíginn. Hjólamerki þarf einnig að setja á um 150 m fresti eftir aðstæðum.

3.1.6 Reiðhjólastæði

Gera skal ráð fyrir reiðhjólastæðum með góðu aðgengi við megin aðkomu helstu mannvirkja og stofnana innan lóða.

3.1.7 Reiðvegur

Innan deiliskipulagsins er þéttbýlisleið reiðvegur. Gert er ráð fyrir að tveir reiðmenn geti auðveldlega mæst þótt hvor um sig sé með tvo hesta til reiðar. Uppbygging miðast við að mikil umferð sé um vetur og vormánuði þegar frost er að fara úr jörðu. Umferð farartækja er bönnuð um reiðvegi.

3.1.8 Bílastæði

Öll bílastæði skulu vera innan viðkomandi lóðar. Bílastæði fyrir hreyfihamlaða skal vera í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofu.

3.1.9 Sorp

Meðhöndlun sorps á deiliskipulagssvæðinu skal fylgja stefnu Mýrdalshrepps í sorpmálum og gildandi reglum og samþykktum varðandi meðhöndlun úrgangs. Gera skal fyrir flokkun sorps og huga skal að möguleikum á aukinni flokkun. Huga þarf vel að frágangi á sorpgeymslum þannig að hægt sé að mæta nýjum óskum og kröfum varðandi sorphirðu. Sorpgeymslur skulu staðsettar innan lóðarmarka. Sorpgeymslur/djúpgámar geta ýmist verið innbyggður hluti mannvirkis eða stakstæð. Sorpgeymslur skal hanna sem hluta af heildarmynd umhverfis og bygginga hvort sem um er að ræða geymslu sem er áföst byggingum eða á lóð og skal gera grein fyrir þeim á aðaluppdráttum og lóðauppdráttum. Flatarmál sorpgeymslna reiknast ekki til smáhýsa.

3.1.10 Bókhald um úrgangs

Skila skal inn áætlun um magn og meðhöndlun úrgangs frá starfsemi þegar sótt er um byggingar - eða rekstrarleyfi. Þar þarf að koma fram hvernig og í hvaða flokka rekstraraðili hyggst flokka úrgang og áætlað árlegt magn úrgangs í hverjum úrgangsflokki.



Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn og fara eftir ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

3.1.11 Sjóvarnir

Varnargarðurur á landi sem er innan deiliskipulagssvæðis liggur sunnan og austan við iðnaðarlóðirnar. Garðurinn liggur austur vestur og beygir svo í norður upp að þjóðvegi. Á deiliskipulagsupprætti er sýndur núverandi varnargarðurur. Einnig eru sýndir núverandi og fyrirhugaður sandfangari.

Þær sjóvarnaraðgerðir sem ráðist hefur verið í á undanförunum árum hafa reynst vel og hamlað sjávarrofi. Stöðugleiki strandlínunnar er þó enn háður óvissu, m.a. um sjávarborðshækkun, eldgos og flóð, sem getur ógnað byggð í Mýrdalshreppi. Nauðsynlegt er að ráðast í frekari varnaraðgerðir. Fullnægjandi sjóvarnir til verndar byggð í Vík eru forgangsmál varðandi framtíðarþróun byggðar í Mýrdalshreppi og verður það gert í samstarfi við Vegagerðina.

3.1.12 Skilti

Sækja skal um leyfi til sveitarfélagsins fyrir uppsetningu allra skilta innan sveitarfélagsins. Skilti utan á húsum eða stakstæð á lóðum eru leyfis skyld og skal sækja um leyfi fyrir uppsetningu þeirra til sveitarfélagsins. Skilti eða skiltaturnar skulu almennt staðsettir innan lóða og í samræmi við skilmála byggingarreglugerðar nr.112/2012 kafla 2.5. Skilti mega vera staðsett á hverri húshlið en ekki ná upp fyrir þak. Almennt er hámarksstærð skilta 8 m² á hverri húshlið. Heimilt er að setja skilti stakstætt á lóð. Í slíku tilfelli skal staðsetning og útlit þess sett fram á aðaluppdrætti hússins. Stærð skilta er að hámarki 8 m² og skal áletrun og framsetning skilta tengjast starfsemi viðkomandi húss. Ekki er heimilt að vera með veltiskilti né skjái, svo sem LED skilti.

4 UMHVERFISÁHRIF

Umhverfisáhrif skipulagsins eru óveruleg þar sem mikið er nú þegar byggt og rest er á þegar röskuðu landi. Skipulagstillagan er jákvætt fyrir samfélagið þar sem verið er skipuleggja aðstöðu fyrir allskonar iðnað sem þörf hefur aukist fyrir með stækkandi samfélagi. Skipulagið er jákvætt fyrir sveitafélagið þar sem það er hluta af því verkefni að koma heildarsýn á skipulag byggðarinnar.

5 Breytingar eftir auglýsingu.

6 HEIMILDASKRÁ

AðalskipulagMýrdalshrepps 2021-2033.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda 33/2004

Hagstofa Íslands, (2024), Mannfjöldi, <https://hagstofa.is/>

Katrín Gunnarsdóttir. (2004). Fornleifaskráning í Vík í Mýrdal. Norður – Vík/ SuðurVík



Ólafus Arnalds, Hlynur Óskarsson o.fl. Landbúnaðarháskóli Íslands. Sótt 14.11.2024 af:
<https://www.moldin.net>

Umhverfisstofnun (2022), Vatnaáætlun Íslands 2022-2027

Veðurstofa Íslands, (2024), Vindatlas, <https://vindatlas.vedur.is/>

Vegagerðin (2022). Víkurfjara hörfar í vetrarstormum. Sótt 14.11.2024 af:
<https://www.vegagerdin.is/vegagerdin/starfsemi/frettir/vikurfjara-horfar-i-vetrarstormum>